

Alþingi  
Erindi nr. P 130/1329  
komudagur 11.3.2004

  
Iðntæknistofnun

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Reykjavík, 09.03.04  
0AD4105-15 HAJ/aó

**Málefni: Frumvarp til laga um hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, 442. mál,  
ELS-tíðindi**

Iðntæknistofnun telur að rafræn útgáfa ELS-tíðinda, er varða hönnun, vörumerki og einkaleyfi, sé eðlileg framþróun við útgáfu slíkra upplýsinga. Tryggja verður þó að ávallt sé tryggt aðgengi að upplýsingunum í gegnum veraldarvefinn, auk þess sem gæta verður þess að þeir sem óska þess að fá ELS-tíðindi á prentuðu formi fái slíka þjónustu.

Vakin er athygli á frétt á heimasíðu Iðntæknistofnunar varðandi „Ísland í fremstu röð í upplýsinga- og samskiptatækni“, en fréttin byggir á upplýsingum frá World Economic Forum. Þar kemur fram að Ísland var í 5. sæti en er nú í 10. sæti. Ástæða er til að hvetja stjórnvöld til að vinna markvisst að notkun upplýsinga- og samskiptatækni á sviði stjórnsýslunnar.

Virðingarfyllt

  
Hallgrímur Jónasson  
forstjóri



Iðntæknistofnun

Nýtt efni Eldra efni

13.2.2004

## Ísland í fremstu röð í upplýsinga- og samskiptatækni

World Economic Forum hefur undanfarin ár lagt mat á hversu tilbúna (viljugar) þjóðir eru til að taka þátt í og hagnýta sér upplýsinga- og samskiptatækni og birt í The Network Readiness Index, (NRI). Slíkt mat er nú lagt fram í þriðja skiptið og tilgangurinn er að skilja betur áhrif upplýsinga- og samskiptatækni á samkeppnishæfni þjóða.


Ísland er í 10. sæti í könnuninni en var í 5. sæti 2002-2003. Norðurlöndin eru öll meðal 10 efstu þjóða, Finnland í 3. sæti, Svíþjóð í 4., Danmörk í 5., Noregur í 8. og Ísland í 10. Bandaríkin eru í efsta sæti, Singapore í 2. sæti, Kanada í 6. sæti, Sviss í 7. sæti, Ástralía í 9. sæti, Þýskaland í 11. sæti og Japan í 12. sæti.

Lykilþáttakendur í þróun notkunar samskiptanets með þróun og notkun upplýsinga- og samskiptatækni eru einstaklingar, fyrirtæki og stjórnvöld. Það er almennt *umhverfi*, s.s. rekstrarleg mál og reglugerðir sem stjórna því hvernig einstakir lykilaðilar taka þátt. *Notkun* upplýsinga- og samskiptatækni og þar með áhrifin stjórnast af *vilja og getu* aðila til að hagnýta sér tæknina.

Vísitalan um upplýsinga- og samskiptatækni byggist á ýmsum gögnum sem safnað hefur verið af INSEAD, Alþjóðabankanum og World Economic Forum. Módelið sem byggt er á kemur fram á mynd hér að neðan þar sem vægi umhverfis, vilja og notkunar er jafnt. Á myndinni kemur fram staða Íslands þegar þjóðunum hefur verið raðað upp í röð (rank), þ.e. Ísland er 10. í röðinni meðal 102 þjóða. Eins og sjá má er umhverfispátturinn sterkastur hér á landi (5), þar sem innviðir bera af (1). Hins vegar eru veikleikar helst í vilja stjórnvalda (32) og notkun stjórnvalda (23).

Með einföldum hætti má sýna stöðu Íslands á eftirfarandi mynd:

Tölur í sviga gefa til kynna stöðu Íslands meðal 102 þjóða.



[<< til baka](#)